

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

13. fundur stjórnar L.H. 9. okt. 1991 kl. 15:00 haldinn í Félagsheimili Gустs í Kópavogi.

Mætt.: Kári, Skúli, Guðmundur, Gunnar, Halldór, Sigfús, Kristmundur, Sigrún og Sigurður.

1. Tillögur frá félögunum til ársþings. Kári kynnti þær. Komnar eru fram 15 tillögur og var efni þeirra rætt og þeim skipað í nefndir.
2. Skúli tók til máls í tilefni af því að hann hyggst hætta störfum í stórn frá og með næsta þingi og þakkaði ánægjulegt samstarf.
3. Umræða varð um félagsaðild barna. Ákveðið var að flytja tillögu um þetta efni á þinginu. Formaður og framkvæmdastjóri skoða málid.
4. Komin eru svör við fyrirspurnum um hestgerðir og fleira skv. 2. lið fundar 21. maí 1991. Rætt um, að fá menn til að taka þetta saman.
5. Halldór spurði um fjórðungsmót á Suðurlandi og greindi Kári frá ýmsum atriðum í þessa veru og enn fremur skýrði hann frá afkomu mótsins en það skilaði hagnaði. Þá hafa menn rætt um ýmiss atriði, sem tókust vel eða miður. Aðsóknin olli vonbrigðum en framkvæmdaneftindin þótti standa sig vel. Halli var á veitingasölu. Gerð verður skýrsla um mótaðaldið til að hægt sé fyrir menn að draga sinn lærðom af þessu.
6. Erindi frá Fet h.f., þar sem óskað er eftir því að fá að selja myndband frá fjórðungsmóti '91 á ársþinginu, og setja þar upp sölubás. Kynnti Kári efnið. Þetta var rætt og niðurstaðan var sú að erfitt væri að banna svona en æskilegt er að sölumennska af þessu tagi trufli ekki þinghald. Þetta verður að ráðast í samráði við þá sem halda þingið hverju sinni
7. Bréf frá Ljúfi í Hveragerði vegna áningahólfs, sem þeir hafa fengið leyfi til að gera við Hveragerði. Þeir hafa þegar fengið veitingu fyrir 50.000 kr. sem þeir eiga inni Samþykkt var að þeir fái 50.000 kr. í viðbót, samt. 100.000

8. Heimssýning í Sevilla. Umræður urðu um gerð myndbands eða þ.h. til að kynna þar. Spurning er hvort einhverjir aðilar næðu samstöðu um að standa fyrir þessu og hvort L.H. komi þessu á. Sigurður ræddi ýmislegt þessu tengt. Fundarmenn ræddu þetta síðan.
9. Kynntir reikningar og áætlun um árgjöld. Sigurður kynnti málið. Fundarmenn lýstu vilja sínum til að hækka árgjöld í samræmi við verðlag um ca. 10% þ.e. 450 fyrir 16 ára og yngri og 900 fyrir fullorðna.
10. Kári kynnti dagskrá þingsins.
11. Ákveðið var að færa reikninga Hestsins okkar í ár eins og verið hefur, en inn í reikningum sambandsins að ári.
12. Kosin kjörbréfanefnd fyrir þingið. Kosnir voru: Kristmundur Halldórsson, Birgir R. Gunnarsson og Elísabet Þ. Þórólfssdóttir.
13. Kristmundur greindi frá nokkrum atriðum varðandi þingið.
14. Fundurinn heimilar formanni og skrifstofu að útvega nefndarformenn.
15. Gunnar spurði um hugmyndir varðandi veðhlaup og skyld mál. Kári greindi frá stöðu þessa máls. Er talið að það muni kosta 90-100 milljónir að koma svona fyrirtæki í gang.

Fundi slitið kl. 19:30

Kári Arnórsson  
Gunnar B. Gunnarsson  
Elísabet Þ. Þórólfssdóttir  
Sigfús Guðmundsson.

Guðmundur Jónsson  
Krsitmundur Halldórsson  
Sigrún Sigurðardóttir